



Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018

Laxeldi, efnislosun og efnistaka, landnotkun í útjaðri þéttbýla og iðnaðarsvæði Bíldudal.

Greinargerð og umhverfisskýrsla

12. apríl 2013



Vesturbyggð







Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018- Greinargerð



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í hreppsnefnd þann 12/4 2013


Hildur Guðlaugsdóttir
12/4'13

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 28.05 2013


Hafdís Hafvítalíttis

Þórunn Bj. Arnardóttir



Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20 .

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1.100.000, dags. 11.04.2013
- Þéttbýlisuppdráttur, Patreksfjörður í mkv. 1:10.000, dags. 11.04.2013
- Þéttbýlisuppdráttur, Bíldudalur í mkv. 1:10.000, dags. 18.01.2013
- Greinargerð og umhverfisskýrsla dags. 12.04.2013



Efnisyfirlit

1. Samantekt	5
2. Inngangur	5
3. Markmið.....	5
4. Breytingar á aðalskipulagi.....	6
4.1. Iðnaðarsvæði.....	6
4.2. Efnislosunarsvæði	7
4.3. Opin svæði til sérstakra nota.....	8
4.4. Verslunar- og þjónustusvæði	9
5. Hættumat.....	9
6. Umhverfisskýrsla	9
6.1. Fyrirliggjandi stefna og tengsl við aðrar áætlanir.....	9
6.2. Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	11
6.3. Umfjöllun um kosti	15
6.4. Áhrifa- og umhverfisþættir.....	15
6.5. Viðmið	16
6.6. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði.....	19
6.7. Matstöflur.....	19
6.7.1. Urðunarsvæði.....	19
6.7.2. Fiskeldi	20
6.8. Núllkostur	22
7. Kynning og samráð.....	22
8. Afgreiðsla eftir auglýsingu.....	23
9. Heimildarskrá.....	25



Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Drög að lýsingu á skipulagsverkefni og matslýsing

1. Samantekt

2. Inngangur

Sveitarfélagið Vesturbyggð vinnur nú að breytingu á aðalskipulagi. Breytingin er í nokkrum liðum sem taldir eru upp hér að neðan.

1. Fóðurstöðvar á tveimur stöðum innan Vesturbyggðar. Annars vegar í Fossfirði og hins vegar í Patreksfirði. Skilgreind eru iðnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir fóðurstöðvum. Samhliða aðalskipulagsbreytingu er unnið að deiliskipulagi sem var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.
2. Efnislosunarsvæði í Vatneyrarhlíð þar sem ætlunin er að nota óvirkan úrgang til frágangs á eldra urðunarsvæði til næstu 16 ára. Svæðið verður skilgreint sem víkjandi landnotkun. Unnið var að deiliskipulagi fyrir svæðið og var það auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Einnig er skilgreind náma í landi Kross á Barðaströnd þar sem áætlað er að taka 3000 m². Náman hefur verið í notkun lengi en var ekki skráð í gildandi aðalskipulagi.
3. Iðnaðarsvæði og opið svæði til sérstakra nota á Bíldudal. Skilgreint er geymslusvæði fyrir brotajárn við Bíldudal en koma á einnig fyrir gámaplani og færa á steypustöð sem staðsett er við höfnina á Bíldudal. Gerð er á sama tíma breyting á afmörkun hesthúsasvæðis við Bíldudal. Unnið er samhliða að deiliskipulagi fyrir svæðið.
4. Breyting á þéttbýlismörkum á Patreksfirði og breyting á þéttbýlisuppdráttum fyrir Patreksfjörð og Bíldudal. Hlíðarnar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði eru skilgreindar sem opið svæði til sérstakra nota. Í vinnslu er deiliskipulag fyrir krapaflóðavarnir sem nær yfir hluta Litludalsár að verslunar- og þjónustusvæði V8 og svæði S16/V7 og var það auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.
5. Breyting á verslunar- og þjónustusvæði merkt V8. Svæðið mun stækka til norðurs. Gerð er breyting á svæði V7/S16 en afmörkun svæðisins er breytt og verður landnotkunin verslunar- og þjónustusvæði. Einnig er gerð breyting á tengibraut (Aðalstræti) en henni verður lokað og verður að botnlanga sitthvoru megin við Litludalsá. Unnið er deiliskipulag fyrir bæði þessi svæði.

Breytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

3. Markmið

Helstu forsendur og markmið breytinganna eru þær að verið er að stuðla að auknum atvinnumöguleikum fyrir sveitarfélagið með uppbyggingu fiskeldis og ganga frá urðunarsvæði í Vatneyrarhlíð og nýta til þess óvirkan úrgang sem til fellur. Markmið með efnislosunarsvæðinu er ennfremur að nota það efni sem fellur til urðunar til að gera svæðið öruggara en það er í dag



og að nota efnið til að ganga frá og fegra svæði í áföngum. Unnið verður að því að koma fyrir fódurstöðvum fyrir fiskeldiskvíar í Fossfirði og í Patreksfirði. Ennfremur er verið að tryggja nægjanlegt framboð af iðnaðarlóðum og lóðum fyrir hesthús við Bíldudal. Víkkaðir eru möguleikar til mannvirkjagerðar í útjaðri Patreksfjarðar og Bíldudals hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna.

4. Breytingar á aðalskipulagi.

Breytingar á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna framangreindra áforma felast fyrst og fremst í því, að breyta þarf sveitarfélagsuppdrætti. Ný iðnaðarsvæði fyrir fódurstöðvar verða færð inn sem og efnislosunarsvæði. Hlíðarnar ofan byggðar á Patreksfirði og Bíldudal, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði verða skilgreindar sem opið svæði til sérstakra nota. Skipulagsbreytingin mun gera grein fyrir nauðsynlegum leyfum vegna fyrirhugaðra áforma, helstu umhverfisáhrifum og ef þörf er á að greina frá vöktun umhverfisáhrifa.

4.1. Iðnaðarsvæði

Iðnaðarsvæðin, sem verið er að bæta við í aðalskipulagið, eru ekki umfangsmikil. Á iðnaðarsvæðum verður komið fyrir fódursílóum og starfsmannaaðstöðu. Stærð svæðanna er frá 3-4000 m². Breyting er gerð á uppdrætti aðalskipulagsins þar sem bætt verður við tveimur nýjum iðnaðarsvæðum í Fossfirði og tveimur nýjum iðnaðarsvæðum í Patreksfirði. Sækja þarf um undanþágu Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og afla heimildar til Vegagerðarinnar vegna fjarlægðarmarka við sjó og veg en öll svæðin eru innan 50 metra frá strandlínu og innan við 100 metra frá vegi.

Gerð er breyting á kafla 2.3.5 um iðnaðarsvæði þar sem bætt verður við í töflu áðurtöldum svæðum sem fá númerin 17-19 annað er óbreytt.

GILDANDI AÐALSKIPULAG

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
11	Hvestuvirkjun	1.4 Mw virkjun í Hvestudal í Arnarfirði og spennustöð tengd henni. Aðveitustöð í Bíldudal.	Fremri Hvesta
12	Krossholt	2 iðnaðarlóðir. 2 ha iðnaðarlóð, byggingar samtals 282,7 m ² . 1 ha iðnaðarlóð byggð samtals 118,9 m ² .	Kross-holt
13	Hvammsholt	1 iðnaðarlóð. stærð lóðar 0.5 ha. byggð samtals 150 m ² .	Tunga
14	Miklidalur	Spennivirki	Miklidalur
15	Miklidalur	Svæði fyrir skreiðarhalla	Miklidalur

TILLAGA AÐ BREYTINGU

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
11	Hvestuvirkjun	1.4 Mw virkjun í Hvestudal í Arnarfirði og spennustöð tengd henni. Aðveitustöð í Bíldudal.	Fremri Hvesta
12	Krossholt	2 iðnaðarlóðir. 2 ha iðnaðarlóð, byggingar samtals 282,7 m ² . 1 ha iðnaðarlóð byggð samtals 118,9 m ² .	Kross-holt



13	Hvammsholt	1 iðnaðarlóð, stærð lóðar 0.5 ha, byggingar samtals 150 m ² .	Tunga
14	Miklidalur	Snennivirki	Miklidalur
15	Miklidalur	Svæði fyrir skreiðarhalla	Miklidalur
16	Hlaðseyri	Á svæðinu má staðsetja mannvirki tengdu fiskeldi s.s. fóðurstöð. Reisa má síló og starfsmannaaðstöðu. Vegna nálægðar við veg og strandlínu þá þarf sérstaklega að íhuga sýnileika mannvirkia. Stærð svæðis 0.5 ha.	Hlaðseyri
17	Þúfneyri	Á svæðinu má staðsetja mannvirki tengdu fiskeldi s.s. fóðurstöð. Reisa má síló og starfsmannaaðstöðu. Vegna nálægðar við veg og strandlínu þá þarf sérstaklega að íhuga sýnileika mannvirkia. Stærð svæðis 0.5 ha.	Þúfneyri
18	Naust	Á svæðinu má staðsetja mannvirki tengdu fiskeldi s.s. fóðurstöð. Reisa má síló og starfsmannaaðstöðu. Vegna nálægðar við veg og strandlínu þá þarf sérstaklega að íhuga sýnileika mannvirkia. Stærð svæðis 0.5 ha.	Naust
19	Hlað	Á svæðinu má staðsetja mannvirki tengdu fiskeldi s.s. fóðurstöð. Reisa má síló og starfsmannaaðstöðu. Vegna nálægðar við veg og strandlínu þá þarf sérstaklega að íhuga sýnileika mannvirkia. Stærð svæðis 0.5 ha.	Hlað

Gerð er einnig breyting á kafla 3.6 um iðnaðarsvæði á Bíldudal. Breyting verður á stærð og afmörkun iðnaðarsvæðis I1. Svæðið er stækkað til norðurs, en minnkað til suðurs. Svæðið minnkar úr 3,3 í 3,2 ha.

GILDANDI AÐALSKIPULAG

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Iðnaðarsvæði	Framtíðar iðnaðarsvæði. Stærð svæðis 3.3 ha.

TILLAGA AÐ BREYTINGU

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Iðnaðarsvæði	Framtíðar iðnaðarsvæði. Stærð svæðis 3,2 ha. Heimilt er reisa á svæðinu iðnaðarstarfsemi þar sem gert er ráð fyrir hreinlegri atvinnustarfsemi. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í Bíldudal.

4.2. Efnislosunarsvæði og efnistökusvæði

Urðunarsvæði hefur verið í notkun talsvert lengi en ætlunin er að ganga frá því með óvirkum úrgangi til næstu 16 ára. Svæðið verður því skilgreint sem efnislosunarsvæði. Mest allt sorp er flokkað í sveitarfélaginu og fellur því lítið af sorpi til urðunar. Vegna efnislosunarsvæðis þá breytast þéttbýlismörk fyrir Patreksfjörð þannig að svæðið verður innan þéttbýlisins Efnislosunarsvæðið er skilgreind sem víkjandi landnotkun þar sem því verður lokað eftir að landmótun lýkur og gengið verður frá svæðinu.

Ennfremur er bætt við námu sem unnið hefur verið úr í talsverðan tíma sem ekki var skilgreind í gildandi aðalskipulagi. Um er að ræða námu í landi Kross á Barðaströnd en áætlað er að vinna allt að 3.000 m².



Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
E1	Vatneyrarhlíð	Efnislosunarsvæði fyrir Vesturbyggð. Á svæðinu er heimilt að nota allt að 400 t af óvirkum úrgangi til frágangs. Svæðið er vikjandi landnotkun en þar á að nota óvirkan úrgang á svæðinu til að bæta stöðugleika og til frágangs á svæðinu. Gerð verður nánari grein fyrir urðunarfyrikomulagi og frágangi í deiliskipulagi.	Vesturbyggð

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
E26	Kross	Malarnáma þar sem áætlað er að taka allt að 3.000 m ³ af efni til veggerðar og slevuufni vegna brúargerðar.	Kross

4.3. Opin svæði til sérstakra nota

Gerðar eru breytingar á útjöðrum þéttbýlis á Patreksfirði og á Bíldudal. Hlíðarnar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði voru samkvæmt gildandi aðalskipulagi skilgreind sem óbyggð svæði en verða með breytingunni skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Ástæða breytingarinnar er að verið er að víkka út út möguleika til mannvirkjagerðar í útjaðri Patreksfjarðar og Bíldudals hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna. Breyting verður á stærð og afmörkun á opnu svæði til sérstakra nota Ú1 en það færir til og minnkar miðað við gildandi aðalskipulag. Svæðið minnkar úr 3,8 í 1,5 ha.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á töflu í kafla 3.9 um opin svæði til sérstakra nota.

Við töflu bætist númerið U15 en tafla annars óbreytt.

TILLAGA AÐ BREYTINGU

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú15	Án auðkennis	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, fjara og strandsvæði. Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna alm. útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnarvirkjum vegna snjóflóða sbr. kafla 3.15.

Breyting um opin svæði til sérstakra nota fyrir Bíldudal er að bætt er við töflu í kafla 3.9 nýju svæði sem fær númerið U10

TILLAGA AÐ BREYTINGU

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú10	Án auðkennis	Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, fjara og strandsvæði. Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna alm. útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnarvirkjum vegna snjóflóða sbr. Kafla 3.15.

4.4. Verslunar- og þjónustusvæði

Breyting verður á verslunar- og þjónustusvæði merkt V8 á þéttbýlisuppdrætti fyrir Patreksfjörð. Svæðið stækkar lítið eitt til norðurs. Gerð er einnig breyting á svæði V7/S16 en afmörkun svæðisins er breytt úr blandaðri landnotkun verslunar- og þjónustusvæðis og svæði fyrir þjónustustofnun í verslunar- og þjónustusvæði. Einnig er gerð breyting á tengibraut (Aðalstræti) en henni verður lokað og gerð að botnlanga sitthvoru megin við Litludalsá.

GILDANDI AÐALSKIPULAG

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V7/S17	Verslun og biónusta	Sláturhús fyrir hús svæði fyrir hótél stærð svæðis 0.4 ha.
V8	Bensinstöð	Stærð svæðis 0.3 ha.

TILLAGA AÐ BREYTINGU

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V7/S17	Verslun og biónusta	Verslunar- og biónustusvæði stærð svæðis 0.4 ha.
V8	Bensinstöð	Stærð svæðis 0.4 ha.

5. Hættumat

Ekki hefur verið gerð úttekt á hættusvæðum í dreifbýli Vesturbyggðar en ljóst er að mörg snjóflóð hafa fallið í dreifbýli Vesturbyggðar. Settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) og reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar og framkvæmdarleyfa. Gera þarf samkvæmt þessu staðbundið hættumat fyrir tvö svæði. Annars vegar neðan Hólsgils á Bíldudal og við Hlað í Patreksfirði þar sem ráðgert er að koma fyrir iðnaðarsvæðum.

6. Umhverfisskýrsla

6.1. Fyrirliggjandi stefna og tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. september 2006.

Samkvæmt skipulaginu, eru svæðin sem breytingin nær til, skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

Eftirfarandi markmið eru sett fram í aðalskipulagi Vesturbyggðar um sorpförgunarsvæði, iðnaðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota;

Sorpförgunarsvæði

Markmið

- Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr umfangi sorps.
- Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

Leiðir:

- Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á sorpeyðingarmálum.
- Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps. Sorpgámum og flokkunarkrárm verði komið fyrir á völdum stöðum í dreifbýli.

Iðnaðarsvæði

Markmið

- Að efla iðnað í sveitarfélaginu
- Hafa ávallt gott framboð af iðnaðarlóðum í sveitarfélaginu.
- Rennt verði styrkari stoðum undir úrvinnsluiðnað landbúnaðarafurða.
- Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi.
- Iðnaður verði eflur í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins
- Hafin verði markviss leit að iðnfyrirtækjum sem hægt væri að koma á fót á svæðinu eða kaupa og flytja á svæðið.
- Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.
- Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja

Opin svæði til sérstakra nota

Markmið.

- Bæjarbúum verði tryggt fjölbreytt aðstaða til leikja og tómstundastarfs.
- Stefnt verði að frekari uppbyggingu fyrir smábáta.

Leiðir:

- Haldið verði áfram uppbyggingu íþróttasvæða sem og annarra opinna svæða í þéttbýli í Vesturbyggð.
- Aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar.

Í aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð er fjallað um fiskeldi á nokkrum stöðum. Í meginmarkmiðum aðalskipulagsins er lögð áhersla á „að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.“

Atvinnumálafestna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Í sameiginlegri atvinnumálastefnu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps kemur eftirfarandi fram:

„Veiðar, vinnsla og eldi:

Aukin áhersla á rannsóknir og þróunarstarf í sjávarútvegi og tengdum greinum er ein af þeim leiðum sem vænlegar eru til að styrkja atvinnulífið í sýslunni. Nálægð svæðisins við fiskimiðin er undirstaða byggðarinnar og því nauðsynlegt að nýta alla þá möguleika sem slík nálægð býður upp á til eflingar atvinnulífsins. Aukin fullvinnsla afla, öflugt fiskeldi og rannsóknir á lífríkinu í hafinu við strendur sýslunnar eru mikilvæg atriði til fjölgunar fjölbreyttra starfa í þessum atvinnu-greinum. Miklir möguleikar eru fólgnir í eldi þar sem mikil reynsla hefur skapast í þeirri atvinnugrein í sýslunni á undanförunum árum.“

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Árið 2004 gaf Umhverfisstofnun út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2004-2016. Áætlunin tekur á myndun úrgangs á landvísu og á að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við gerð svæðisbundinna áætlana. Þessi áætlun verður höfð til hliðsjónar við umhverfismat deiliskipulagsins og hönnun urðunarstaðar á Stjórnarsandi.

Leyfisveitingar

Um sorpurðun gildir eftirfarandi:

Starfsleyfi. *Sækja þarf um starfsleyfi fyrir urðun úrgangs til Umhverfisstofnunar, í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.*

Framkvæmdaleyfi. *Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir urðunarstað til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.*

Byggingarleyfi. *Sækja þarf um byggingaleyfi fyrir mannvirkjum á urðunarsvæði til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulags nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð 400/1998.*


Deiliskipulag. *Landeiganda og/eða leyfishafa er skylt að vinna deiliskipulag fyrir sorpförgunarsvæði. Deiliskipulagið verði unnið í samræmi við skipulagsreglugerð, gr. 4.10.2.*

Í umhverfisskýrslu verður fjallað um tengsl við aðrar áætlanir og hvernig breytingin samræmist gildandi aðalskipulagi og öðrum áætlunum sveitarfélagsins og stjórnvalda. Ef ósamræmi kemur fram verður greint frá því til hvaða aðgerða bæjarstjórn hyggst grípa til úrlausnar.

6.2. Staðhættir og umhverfisáðstæður


Vesturbyggð er annað af tveimur sveitarfélögum í Vestur-Barðastrandarsýslu. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum í sveitarfélaginu og landbúnaður dregist mikið saman á síðustu árum og fólksfækkun verið stöðug sl. áratug. Búskapur er stundaður á 37 jörðum einkum sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla. Íbúar í Vesturbyggð voru 910 1. janúar 2012 en voru 1141 1. janúar 2002 og hefur því fækkað um 251 á 10 árum.

Við Naust í Fossfirði í Dufansdal er gert ráð fyrir fódurstöð fyrir fiskeldi. Um er að ræða aflagða malarnámu niður við sjó á um 3-4000 m² lóð. Við Hlað verður fódurstöðin staðsett á



Mynd -2. Staðsetning fóðurstöðva í Fossfirði. Heimild Fjarðalax 2012.

Í Patreksfirði verður fóðurstöðvar staðsettar á Hlaðseyri og á Þúfneyri. Á Hlaðseyri verður stöðin á náttúrulegum bakka neðan Barðastrandavegar. Bakkin er gamall sjávarbakki og er tiltölulega lítið gróinn.




Mynd 3. Staðsetning fóðurstöðvar á Hlaðseyri. Heimild Fjarðalax 2012.

Gert er einnig ráð fyrir fóðurstöð við Þúfnaeyri í Patreksfirði. Hún verður staðsett á áreyri rétt sunnan við Barðastrandarveg.

Samningar hafa náðst við landeigendur varðandi staðsetningu stöðvanna við Naust í Dufansdal, Hlaðseyri á Patreksfirði. Landeigendur hafa samþykkt fyrir sitt leyti staðsetningu við Hlað í Fossfirði og viðræður standa yfir varðandi staðsetningu á Þúfnaeyri en sveitarfélagið er þar landeigandi.

Allar stöðvar eru þannig staðsettar að sækja þarf um undanþágu til umhverfisráðuneytis- og auðlindaráðuneytisins vegna fjarlægðar frá sjó og heimildar Vegagerðarinnar vegna fjarlægðar frá vegi. Mannvirki sem reist verða eru fóðursíló og starfsmannaástaða.



Mynd 4. Staðsetning fóðurstöðvar á Þúfnaeyri í Patreksfirði. Heimild Fjarðalax 2012.

Urðunarsvæðið er staðsett í Vatneyrarhlíðum ofan Patreksfjarðar og er 3,6 ha að stærð. Á svæðinu er núverandi urðunarsvæði og safnasvæði fyrir brotajárn. Svæðið er mikið raskað og frekar gróðurnautt. Umhverfis svæðið er hinsvegar talsverður gróður einkum gras, mosi og lynggróður. Staðurinn er staðsettur í aurkeilu úr tveimur mismunandi jarðlögum sem eru mislek. Við gamla urðunarsvæðið eru lögin lekari en þar sem brotajárnsgeymslan var staðsett en þar eru jarðlögin þéttari. Engar fornminjar eru á svæðinu en gerð var athugun á fornminjum í tengslum við umhverfismat á endurvinnslu og förgun úrgangs á Patreksfirði árið 2000. Urðunarstaður þessi mun þjóna heimilum og fyrirtækjum í Vesturbyggð. Urðun hefur átt sér stað á svæðinu en Vesturbyggð er að sækja um endurnýjun starfsleyfis en leyfið rennur út 18 desember 2012. Sótt verður um leyfi fyrir urðun á byggingarúrgangi, móttöku á brotajárni og geymslu á garðaúrgangi. Sorphirða í Vesturbyggð er þannig háttað við öll heimili eru 240 l.

sorptunnur sem eru losaðar á 14 daga fresti. Söfnun endurvinnsluefnis fer fram á gámavöllum á Patreksfirði, Bíldudal og einnig Tálknafirði þar sem íbúum er gert kleift að flokka það sem til fellur. Heimilissorp sem ætlað er til urðunar er flutt úr sveitarfélaginu og er urðað í Fíflholti. Sótt hefur verið um urðun á allt að 400 tonnnum af úrgangi á ári en áætluð til 16 ára



Mynd 5. Staðsetning urðunarsvæðis í Vatneyrarhlíðum.

Staðháttum fyrir iðnaðar- og hesthúsavæði við Bíldudal er þannig háttað að svæðið er tiltölulega aflíðandi er brattast efst á svæðinu en svo dregur vel úr landhalla þegar nær dregur Bíldudalsvegi. Það er nokkuð gróið en með mestmagnis graslendi/mólendi. Á svæðinu í dag eru nokkrar byggingar þar af eitt hesthús. Ennfremur er á svæðinu geymslusvæði fyrir sveitarfélagið.



Mynd 6. Staðsetning iðnaðar- og hesthúsavæðis við Bíldudal.



6.3. Umfjöllun um kosti

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við „núllkost,“ sem er stefna gildandi aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir að allt sorp sem fellur til verði flutt í burtu til urðunar. Ekki verður lagt mat á aðra staðsetningarkosti en hentugt land fyrir urðunarstarfsemi er af afar skornum skammti í Vesturbyggð. Í skýrslu sem gefin var út 1993 og fjallaði um sorphirðu og sorpeyðingu á Vestfjörðum kom fram að hentugasti staðurinn fyrir urðunarstarfsemi væri þar sem brotajárn er geymt í dag í Vatneyrarhlíðinni. Aðrir staðir sem athugaðir voru eru allir á ósnortnum svæðum. Á núverandi stað hefur brotajárni verið safnað saman í talsverðan tíma auk þess sem núverandi urðunarsvæði er staðsett á sama stað.

6.4. Áhrifa- og umhverfisþættir

Fjallað verður í almennum orðum áhrif breytingarinnar vegna breytingar á afmörkun iðnaðar- og opins svæðis til sérstakra nota við Bíldudal og áhrifa vegna breyttrar landnotkunar innan þéttbýlis Patreksfjarðar og Bíldudals þar sem verið er að breyta landnotkun úr óbyggðum svæðum yfir í opin svæði til sérstakra nota. Áhrif fóðurstöðva og fiskeldis á umhverfið eru talin óveruleg. Um er að ræða frekar umfangslitlar framkvæmdir en helstu áhrifin eru talin sjónræn eðlis þar sem um er að ræða ný mannvirki á stöðum þar sem engin mannvirki voru fyrir. Fjallað verður um áhrif fóðurstöðva á umhverfið í umhverfisskýrslu og umfjöllunin verður beint að áhrifum á lífríki sjávar og aðra landnotkun. Helstu þættir aðalskipulagsbreytingarinnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum stafa frá urðunarsvæðinu og eru:

Lykt. Lykt er talin berast lengst um 1 km frá virkum urðunarstöðum. Á svæðinu verður einungis óvirkur úrgangur byggingarúrgangur og enginn lífrænn úrgangur og því talin lítil hættu á að lykt berist frá svæðinu. Efnið sem urðað verður á að nýtast til frágangs á svæðinu. Fjarlægð að íbúðarhverfinu við Mýrar er um 300 m sem er undir 500 m reglunni sem kemur fram í 12. gr. í reglugerð 783/2003.

Fok. Hætta á foki gæti komið til í hvassviðrum. Til þess að koma í veg fyrir fok þá er gert ráð fyrir að daglega verði allur úrgangur þakinn og einnig hindraður aðgangur meindyra.

Sigvatn. Á öllum urðunarstöðum verður til sigvatn þegar ofanvatn fellur á yfirborð og hripar gegnum úrgang. Þar sem sigvatn safnast undan urðunarstað verður það leitt um hriplag í olíu/fitugildru, setþró og malar-eða mósú eða siturlögn eða annan jafngildan búnað.

Gas. Við niðurbrot lífrænna úrgangsefna fer í gang ferli sem myndar gas. Gasið er samsett er úr metani, koltvísýring og lítilræði af snefilgösum. Mesta myndun gass er eftir um ½ til eitt ár í úrgangi en eftir um 5 ár fer að draga úr myndun og má gera ráð fyrir að eftir um 20 ár sé um 95% af því gasi sem myndast getur þegar myndað, restin getur svo verið nokkra áratugi að skila sér út. Gas vegna urðunar getur haft mengandi áhrif á loft næst urðunarstað við ákveðin skilyrði og skapað ákveðnar hættur, en áhrif í nokkurra tuga metra fjarlægð frá urðunarstað eru engin. Huga ber þó að því að þetta eru gróðurhúsalofttegundir og verður brugðist við og dregið úr losun þeirra með sértækum aðgerðum ef starfsleyfisgjafi gerir kröfu um slíkt. Gasmyndun á svæðinu er ekki talin vera mikil þar sem um óvirkan úrgang er að ræða.



Meindýr. Ekki er talið að meindýr sæki mikið á svæðið en á svæðinu verður einungis óvirkur úrgangur urðaður.

Lykt. Lykt er talin berast lengst um 1 km frá virkum urðunarstöðum. Fjarlægðin að austasta hluta þéttbýlisins á Patrekfirði er 300 m. Þar sem óvirkur úrgangur verður urðaður er ekki talin mikil hætta á að lykt berist frá svæðinu.

Umhverfisáhrif, sem breyting á aðalskipulagi er helst talin geta haft í för með sér, eru eftirtalin:

- Landslag og sjónrænir þættir
- Fuglalíf
- Gróður
- Jarðvegur
- Vatnafar
- Loft
- Lífríki sjávar
- Landnotkun og samfélag

Val á þessum umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvað þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskipulagi. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

6.5. Viðmið

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Gróðurfar	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd
Fuglar	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Jarðvegur	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1. gr. um markmið sem er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er og þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.
Landslag og sjónrænir þættir	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III. hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis.
Vatnafar	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1. gr. um markmið sem er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er og þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr. um tilgang sem er m.a. að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Sjá 37. gr. um sérstaka vernd. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Sjá 1. gr. um markmið sem er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Einnig að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á vatni og að flokkun vatns lúti tilteknum reglum, sbr. ákvæði reglugerðarinnar. Að stuðla að almennri verndun vatns. Skoða sérstaklega flokkun verndarsvæða í 13. gr.
Loft	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1. gr. um markmið sem er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er og þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Sjá 1. gr. um markmið sem er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið, meta loftgæði á samræmdan hátt, afla upplýsinga um loftgæði og viðhalda þeim þar sem þau eru mikil eða bæta þau ella. Jafnframt að draga úr mengun lofts.
Lífríki sjávar	Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Sjá kafla III um sjálfbæra nýtingu auðlinda og kafla IV um hnattræn viðfangsefni sbr. markmið 15.1. „Styrkur manngerðra mengunarefna í

	<i>viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda.“</i>
Samfélag og önnur landnotkun	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 Reglugerð um um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða.
Fornleifar	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. Þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðaleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Fornleifaathugun Fornleifaverndar ríkisins vegna aðalskipulagsvinnu og gerð deiliskinnulægs.

Tafla 1: Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð +	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin
eða á ekki við 0/?	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt
Neikvæð -	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

6.6. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst verður við fyrirliggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. gögn vegna mats á umhverfisáhrifum sorpbrennslu og urðunarsvæðis á Patreksfirði.

6.7. Matstöflur

6.7.1. Urðunarsvæði

Urðunarsvæði í Vatnevrarhlíðum			
Umhverfishættir	Vægi	Lúsina	Viðmið
Landslag og sjónræn áhrif	0	Urðun hefur farið fram á þessum stað í alllangan tíma og landslag er mjög raskað. Skipulagsmarkanna. Sjónræn áhrif eru nokkur af svæðinu þar sem svæðið liggur í brekku fyrir ofan byggðina og nokkuð áberandi frá byggðinni. Eftir að urðun lýkur verður gengið frá svæðinu og lagað sem mest að landinu og það ræktað upp að nýju. Áhrif óveruleg.	Sérstaða/fágæti landslags út frávísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III.hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis.
Gróður	0	Áhrif ágróður eru talin vera óveruleg þar sem svæðið var þegar mikið raskað.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd
Fuglalíf	0	Fuglalíf í kringum urðunarstaðinn er ekki talið verða fyrir áhrif en allar þær tegundir sem halda sig við og á svæðinu eru algengar jafnt á héraðs- sem landsvísu.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar ávilltum fuglum og villtum spendýrum.
Líf í vatni	0	Urðun á óvirkum úrgangi mun hafa lítil áhrif á vatn.	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1 gr. Reglugerð nr. 73/2003 um urðun úrgangs.
Loft	0	Óveruleg áhrif á loft þar sem um óvirkan úrgang er að ræða.	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1.



			gr. ·Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Sjá 1. gr.
Vatnafar og jarðvegur	0	Urðun á óvirkum úrgangi mun hafa lítil áhrif á vatn en enginn lífrænn úrgangur verður urðaður.	Lög nr 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sjá1. gr. Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá1. gr. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá1. gr. Reglugerðnr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Sjá 1. gr.
Íbúar og önnur landnotkun	0	Óveruleg áhrif á íbúa á svæðinu hvað viðkemur heilsu og öryggi en óveruleg mengun mun berast frá svæðinu. Jákvæð hagræn áhrif þar sem umfram efni sem fellur til frá svæðinu mun nýtast í framkvæmdir.	Skipulagslög nr. 123/2010 Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018
Náttúruvá	0	Hætta er talin krapaflóðum úr Fjósadalsá sem gæti haft áhrif á urðunarsvæðið en engin föst viðvera verður á svæðinu.	Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.
Fornleifar	0	Engar fornleifar eru á svæðinu samkvæmt skráningu sem gerð var vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir sorpbrennslu árið 2000	Mat á umhverfisáhrifum endurvinnslu og förgun úrgangs á Patreksfirði fyrir Vesturbvæð. 2000.

6.7.2. Fiskeldi

Fiskeldi í Patreksfirði og Fossfirði			
Umhverfisbættir	Vægi	Lýsing	Viðmið
Landslag og sjónræn áhrif	0	Fóðurstöðvar og kvíar geta haft sjónræn áhrif á landslag en þar sem umfang þeirra verður ekki mikið eru áhrifin talin óveruleg.	Sérstaða/fágæti landslags út frávisbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í

			vernd víðernis.
Gróður	0	Áhrif fóðurstöðva eru ekki talin hafa umtalsverð áhrif á gróður í för með sér. Um er að ræða graslendisbakka og engar sjaldgæfar plöntur er þar að finna.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd
Líf í vatni	0	Áhrif fiskeldis á svæðinu eru ekki talin hafa mikil áhrif á lífríki sjávar þar sem staðirnir verða reglulega hvíldir en um er að ræða kynslóðaskipt fiskeldi. Aðeins er ein kynslóð höfð í hverjum firði á hverjum tíma og hver fjörður er síðan hvíldur í tiltekinn tíma eftir að slátrað hefur verið. Þannig er hægt að tryggja nauðsynlega hreinsun svæðanna og koma í veg fyrir óæskileg umhverfisáhrif og sjúkdóma til lengri tíma litið. Rotþró verður komið fyrir á staðnum til að taka við fráveitu frá starfsmannaáðstöðu og sýktur og dauður fiskur verður fluttur burt til urðunar á viðurkenndan móttökustað.	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1 gr. Reglugerð nr. 73/2003 um urðun úrgangs. Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Sjá kafla III um sjálfbæra nýtingu auðlinda og kafla IV um hnattræn viðfangsefni sbr. markmið 15.1. „Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisvirkvalda.“
Íbúar og önnur landnotkun	+	Jákvæð áhrif á íbúapróun með auknum atvinnutækifærum og óveruleg áhrif á aðra landnotkun.	Skipulagslög nr. 123/2010 Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018
Náttúruvá	-	Ofanflóðahætta er við iðnaðarsvæði við Hlað í Fossfirði	Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum
Fornleifar	?	Ekki eru heimildir um minjar á umræddum svæðum fyrir fiskeldi en gerð verður grein fyrir þeim í deiliskipulagi fyrir svæðin.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðaleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Áhrif annarra breytinga á aðalskipulagið eins og breyting óbyggðra svæða yfir í opin svæði til sératakra nota, iðnaðar- og hesthúsasvæði á Bíldudal og breyting stofnanasvæðis/verslunar- og þjónustusvæðis á Patreksfirði eru af því tagi að þau hafa óveruleg áhrif á umhverfið.

6.8. Núllkostur

Núllkostur þýðir að ekki verði af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru. Núllkostur samræmist ekki stefnu sveitarstjórnar varðandi uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu eða hvernig farið er með óvirkan úrgang í sveitarfélaginu og þykir því ekki álitlegur kostur.

7. Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun en skipulags- og matslýsing var send til Skipulagsstofnunar 21. nóvember 2012. Skipulags- og matslýsing var einnig send eftirfarandi aðilum.

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerði ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna.
- Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun kom með umsögn við skipulags- og matslýsingu með bréfi dags. 30. október 2012 og 4. janúar 2013. Í umsögninni var þess óskað að fram kæmi hvernig meðhöndlun á heimilissorpi til urðunar væri, hver fjarlægðarmörk að næstu íbúðarbyggð væru, hvernig fráveitu frá fóðurstöðvum og hvernig urða ætti sýktan eða dauðan fisk úr fiskeldiskvíum og minnt er fjarlægðarmörk frá sjó. Í umhverfisskýrslu er skýrt frá fyrirkomulagi sorpförgunar í Vesturbyggð, skýrt er frá fjarlægð urðunarsvæðis að nærliggjandi íbúðarbyggð.
- Siglingastofnun og Landhelgisgæslan vegna siglingaleiða. Siglingastofnun gerði engar athugasemdir við lýsinguna í bréfi dags. 8. 11. 2012.
- Fiskistofa. Fiskistofa benti á í bréfi dags. 29. október að samráð skyldi haft við Siglingastofnun hvað varðar eldiskvíar og skipaumferð.
- Veðurstofu Íslands. Veðurstofa Íslands veitti umsögn um skipulags- og matslýsinguna með bréfi dags. 16.11. og 21.11.2012. Í bréfum hennar kemur fram að staðhættir við Hlaðseyri í Patreksfirði og í Hólsgili á Bíldudal væru þannig að ástæða þykir að meta hættu á ofanflóðum.
- Fornleifavernd ríkisins. Í bréfi dags. 26.11.2012 gerði fornleifavernd umsögn við skipulags- og matslýsinguna. Stofnunin benti á að gera þarf fornleifaskráningu af umræddum svæðum og að gleymst hafi að meta áhrif á menningarminjar í vali á umhverfisþáttum. Fornleifaskráning mun fara fram á svæðinu og mun niðurstaða hennar liggja fyrir eftir að tillaga hefur verið auglýst. Bætt var einnig við umfjöllun í venslatöflum áhrifum tillögunnar á fornleifar.
- Skógrækt ríkisins. Skógrækt ríkisins veitti umsögn við lýsinguna með bréfi dags. 10.12.2012 og gerði engar athugasemdir.

Ennfremur var haft við eigendur þeirra jarða sem framkvæmdirnar ná til.

Skipulagslýsing var auglýst í blöðum frá og með 22. nóvember til 29. nóvember. Skipulagslýsingin var til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar og skrifstofu og gafst íbúum kostur á að kynna sér fyrirhugaða breytingu.



Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

Tillagan var kynnt á opnum íbúafundi þann 6. desember 2012.

8. Afgreiðsla eftir auglýsingu

Í umhverfisskýrslu voru áhrif breytingarinnar metnar vegna urðunarsvæðis og fiskeldis. Áhrif urðunarsvæðis voru talin óveruleg á þá umhverfispætti sem til skoðunar voru. Áhrif laxeldis voru óveruleg á landslag og sjónræn áhrif, gróður, líf í vatni, neikvæð á náttúruvá vegna ofanflóðahættu við Hlað í Fossfirði, óljós á fornleifar en jákvæð áhrif á íbúa og aðra landnotkun.

Valkostir sem skoðaðir voru var núllkostur sem samræmdist ekki stefnu sveitarstjórnar varðandi uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu eða hvernig farið er með óvirkan úrgang í sveitarfélaginu og þykir því ekki álitlegur kostur.

Tillagan var auglýst frá 1. janúar 2013 til 26. febrúar 2013. Umsagnir bárust frá Skógrækt ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Fiskistofu.

Umsögn Fiskistofu barst 29.10.2012 og gerði hún engar athugasemdir en hvatti til samráðs við Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar vegna staðsetningar eldiskvía og fóðrunarstöðva.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst 19. febrúar 2013. Umhverfisstofnun benti á að gera þyrfti grein fyrir hvaða hráefni væri að nota í fóður og hvort meðhöndla eigi slóg í fóðurstöðvum. Gert verður grein fyrir því í deiliskipulagi fyrir svæðin. Að fjalla þyrfti um hvað væri gert við heimilissorp og bent var á nauðsyn þess að urðunarstaðir þyrftu ávallt að vera í 500 metra fjarlægð frá íbúðarbyggð.

Veðurstofa Íslands sendi umsögn dags. 21.11. 2012 og var greinargerð breytt til samræmis við umsögn, sjá kafla 5. um hættumat. Við auglýsingu á skipulagslýsingunni vegna aðalskipulagsbreytingarinnar barst undirskriftalisti með bréfi frá 41 íbúa Patreksfjarðar þar sem mótmælt er skilgreiningu á urðunarstað í Vatneyrarhlíðum. Í bréfinu er því mótmælt að endurvekja eigi gamla sorphauga á svæðinu með tilheyrandi mengun og að of stutt sé í núverandi byggð frá urðunarstaðnum. Skipulags- og byggingarnefnd bókaði á fundi þann 15. apríl 2013 og bendir á að með skipulagsaðgerðunum sé m.a verið að vinna bug á þeim vandamálum sem að hluta til er bent á í athugasemdunum. Nefndin bendir á að með skilgreiningu núverandi urðunarstaðs er ekki verið að vekja upp sorphauga eins og þeir voru í Vatneyrarhlíðum á árum áður þegar almennt heimilissorp var urðað í hlíðinni heldur er verið að tryggja framlengingu á starfsleyfi staðarins til urðunar á óvirkum úrgangi eins og honum er lýst í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs sem er m.a steypa, flísar og keramik, arðvegur, steinar, múrsteinar og úrgangur frá glertrefjaefnum. Fyrirkomulaginu á urðuninni verður þannig háttað að stöðuleiki svæðisins verður bættur og að svæðinu verði lokað fyrir urðun að því loknu.

Athugasemdir bárust frá Reyni Þór Magnússyni varðandi eftirfarandi atriði:

1. Geta breytingar á aðalskipulagi þ.e.a.s. taka land úr landbúnaðarnotkun og breyta í iðnaðarsvæði haft áhrif á annars fyrri breytingu í frístundabyggð í Dufansdal?



- 1.1. Sérstaklega er horft er til mengunar frá frístundabyggð og landbúnaði vegna vistvænnar matvælaframleiðslu á iðnaðarsvæði neðan frístundabyggða og gripahúsa.
2. Er tryggt að frístundabyggð fái frið sem slík þegar horft er til dæmis til hávaðamengunar? Má ætla að kvöð verði sett á ætlað iðnaðarsvæði að halda hávaðamengun innan ásættanlegra marka, hvernig er það þá útfært af hálfu Vesturbyggðar?
 - 2.1. Bent er á í þessu samhengi að frístundabyggð var skipulögð í sátt við umhverfi, stjórnvöld og sveitarfélagið Vesturbyggð. Spurning er sett við gæði þeirrar ákvörðunar að skipuleggja iðnaðarsvæði í nærumhverfi frístundabyggðar.
3. Eru sameiginleg hlunnindi á áætluðu iðnaðarsvæði háð einhverjum takmörkunum eftir breytingu á aðalskipulagi.
 - 3.1. Ef Vesturbyggð viðurkennir ekki eignarhlut landanna sem bera landnúmerin 21610, 21611 og frístundahúsalóða í sameiginlegum hlunnindum er beðið um að vitnað verði í lög og eða dóma sem styðja þá niðurstöðu.

Svar:

1. Núverandi breyting á aðalskipulagi hefur ekki áhrif á fyrri aðalskipulagsbreytingar eða deiliskipulög.
 - 1.1 Mengun s.s hávaði eða ljósmengun mun vera innan marka viðeigandi reglugerða og mun ekki hafa teljandi áhrif á núverandi frístundabyggð. Nánari útfærslu á þessum atriðum verður að finna í deiliskipulagi fyrir svæðið.
2. Sjá svar 1.1 að ofan.
3. Breytingar á aðalskipulagi hafa ekki áhrif á eignamyndun eða samninga um sameiginleg hlunnindi á svæðinu.
 - 3.1 Eignamyndun breytist ekki við breytingar á aðalskipulagi eða gerð deiliskipulags.

Athugasemdirnar voru hafðar til hliðsjónar á meðan unnið var að ofangreindri aðalskipulagsbreytingu. Efni athugasemdanna er einnig þess eðlis að tekið verður tillit til þeirra við vinnslu deiliskipulags fyrir fóðurstöð í Dufansdal í Arnarfirði og tekið verður saman með hvaða hætti það var gert og þér sent. Tillögur að deiliskipulagi fyrir fóðurstöð í Dufansdal í Vesturbyggð er í vinnslu og verður kynnt á vor eða sumarmánuðum.

Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar sem bárust við aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulag fyrir samsvarandi svæði var óskað eftir fundi með Umhverfisstofnun. Fundurinn fór fram 21. mars 2013. Niðurstaða fundarins var sú að skilgreina svæðið sem efnislosunarsvæði í stað urðunarsvæðis þar sem verið er að nýta óvirkan úrgang til að ganga frá svæðinu og bæta stöðugleika hans. Svæðið fær því skilgreiningu sem efnislosunarsvæði í aðalskipulagi. Sótt verður því um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir efnislosunarsvæði. Greinargerð aðalskipulagsins var því breytt til samræmis við nýja landnotkun. Umhverfisskýrsla helst óbreytt.

Bætt var við námu í landi Kross og henni bætt við í greinargerð og á uppdrátt.

9. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.
2. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
3. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
4. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
6. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
10. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
11. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
12. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
13. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
14. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
15. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
16. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.